

Nd.

1126. Frumvarp til laga

[464. mál]

um breytingu á barnalögum, nr. 9/1981.

(Eftr 2. umr. í Nd., 5. júní.)

1. gr.

Á eftir 2. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsg. svohljóðandi:

Hafi foreldrar barns fengið skilnað erlendis og svo háttar til að því foreldri, sem ekki hefur forsjá barns, hefur ekki verið gert að greiða meðlag með því, t. d. vegna fjárhagsörðugleika, getur valdsmaður úrskurðað meðlag til forsjáforeldris á hendur Tryggingastofnun ríkisins enda leggi það fram hið erlenda skilnaðarleyfi eða skilnaðardóm fyrir valdsmanninn. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir þær eftir því sem fært reynist.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.